31. janúar 2021

2. fundur kl. 17:00

Skúlagarði, Kelduhverfi

Fundur hverfisráðs Kelduhverfis

Mætt: *Charlotta Englund, Guðríður Baldvinsdóttir, Jóhannes Guðmundsson, Sigrún B. Víkingur og Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir.*

1. Ályktanir Kvenfélags Keldhverfinga og Ungmennafélag Leifs heppna vegna bókunar Skúlagarður-fasteignafélags varðandi „**Framhalds rekstur næsta sumar og til framtíðar**“ á stjórnarfundi haldinn 12.01.2021.

Skúlagarði 31.01.2021 kl. 15:00

Ályktun Ungmennafélagsins Leifs heppna:

Ekki er hægt að taka afstöðu til málsins fyrr en í fyrsta lagi hluthafar fasteignafélagsins hafa komist að niðurstöðu um hvort þeir vilji selja eða ekki. Of margt er óljóst. Formlegt erindi vantar um hvað málið snýst nákvæmlega.

Skúlagarði 31.01.2021 kl. 16:00

Ályktun Kvenfélags Keldhverfinga:

Kvenfélag Keldhverfinga telur ekki tímabært að taka ákvörðun um sölu á sínum hlut í húsinu þar sem Skúlagarður fasteignafélag hefur ekki kallað til almenns hluthafafundar vegna sölu. Þar að auki hefur formlegt erindi ekki borist til að hægt sé að taka afstöðu til málsins.

2. Umsögn hverfisráðs Kelduhverfis um bókun Byggðarráðs frá 28. janúar 2021.

Fyrir byggðarráði liggur fundargerð stjórnar Skúlagarðs-fasteignafélags ehf. frá 12. janúar sl.

Byggðarráð samþykkir fyrir sitt leyti að ***hlutur sveitarfélagsins í Skúlagarði-fasteignafélagi ehf.*** *verði auglýstur til sölu að því gefnu að aðrir eigendur séu sama sinnis og að jákvæð umsögn komi frá hverfisráði Kelduhverfis.*

Hverfisráð Kelduhverfis frestar því að taka afstöðu þangað til búið er að halda íbúafund og kanna hug íbúa til mögulegrar sölu á hlutafé Norðurþings í Skúlagarði-fasteignafélagi.

Sigrún Víkingur

Sigþrúður Stella Jóhannsd

Jóhannes Guðmundsson

Fundi slitið kl. 17:45